

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 123/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðna Ernst Langer

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Ernst Langer, greiði 2.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1964.

Árið 1964, fimmtudaginn 12. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli kr. 1673/1964: Ákærvaldið gegn Guðna Ernst Langer, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. febrúar 1964, höfðað gegn ákærða, Guðna Ernst Langer sjómanni, Rauðalæk 3, Reykjavík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 14510 laugardagsnóttina 11. janúar 1964 frá Þjóðleikhúsinu að Laufásvegi 73, hér í borg, en þar kom lögreglan að bifreiðinni um kl. 0345.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 9. október 1940 í Reykjavík. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur hann hvorki hlotið ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt laugardagsins 11. janúar 1964, klukkan tæplega 0400, handtóku lögreglumenn ákærða við stýri bifreiðarinnar R 14510, þar sem hún stóð við hús nr. 73 við Laufásveg.

Lögreglu virtist ákærði bera þess merki, að hann hefði neytt áfengis, og í öndunarsýni hans fannst jákvæð samsvörun alkóhóls, 2.—3. stigs.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 14510 um götur borgarinnar greint sinn, enda þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn. Ákærði sagðist ekki hafa bragðað áfengi, að akstri loknum, og var sú frásögn hans staðfest af vitni, sem í bifreiðinni var.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.80% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.500.00

króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Ernst Langer, greiði 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 179/1964. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

William Spearpoint (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Alþjóðalög.
Ómerking og frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, og meðdómendurnir Rögnvaldur Jónsson og Kristján H. Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði togara ákærða, Wyre Vanguard, FD 36, kl. 2359 hinn 20. september 1964 og kl. 0005 21. s. m. Markaði hann þessa staði togarans samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en reikn-